

Nr. 003 / 12 Bergey VE 544***Fær veiðafæri í skrúfuna og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2744 IMO.nr. 9394313
Smíðaður: Gdynia Póllandi 2006 stál
Stærð: 290,6 brl. 485,7 bt.
Mesta lengd: 28,93 m Skráð lengd: 25,69 m
Breidd: 10,39 m Dýpt: 6,59 m
Vél: Yanmar 514 kW 2006
Fjöldi skipverja: 12



Bergey ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Jóhanni Ársælssyni Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. janúar 2012 var Bergey VE 544 togveiðum um 28 sml austur af Norðfjarðarhorni. Veður: VSV 15 m/sek.

Annar togvírinn hafði slitnað í botni svo taka þurfti trollið á hinum vírnum. Þegar lausi hlerinn kom upp lagðist dauðaleggurinn (18 mm vír) fram undir skipinu og í skrúfuna svo hann vafðist um skrúfuöxulinn. Skipstjóri kúplaði þegar frá skrúfunni og til að koma í veg fyrir skemmdir óskaði hann eftir aðstoð til að draga skipið til hafnar.

Vestmannaey VE 444 dró Bergey VE til Eskifjarðar þar sem dauðaleggurinn var fjarlægður af kafara. Vírinn lá nokkuð laus í skrúfunni og engar skemmdir urðu vegna þessa.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.